



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 26. september 2023

Fundur: 19. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSí Engjavegi og Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson og Björgvin Víkingsson

Varastjórn: Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 12:00 og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn fór fram bæði í sal og í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt og fundargerð síðasta fundar var samþykkt rafrænt.

2. Fjármál - uppgjör (AÁ)

a. Samþykkt var að fresta yfirferð yfir níu mánaða uppgjör til næsta fundar.

3. Afreksmál styrkir (GK)

a. Mikilvægt er að endurskoða reglugerð afrekssjóðs fyrir næstu úthlutun. GK hefur sent vinnuskjal til nefndar sem hefur það hlutverk að leggja til einfaldari úthlutunarreglur.

b. Seinni úthlutun sem nú er til umræðu tekur mið af árangri ársins. Bónusar fyrir Íslandsmet eru fjölmargir eftir tímabilið og reiknast núna 1,5 m. Í þessari úthlutun er þó einnig tekið mið af framtíðarhorfum íþróttamanna.

4. Fjármögnun og verkefni (JHB)

a. GK leggur áherslu á mikilvægi þess að nýta styrki sem þegar hafa verið veittir. GK, FÓ og JHB skoða möguleika í boði. Hluti styrkja tengdur Kids athletics og þurfa að nýtast í verkefni tengd því.

- b. NM í víðavangshlaupum
 - i. Mikilvægt er að selja auglýsingar á viðburðinn og sækja um styrki til þess að efla verkefnið.
- c. RIG
 - i. Það er verið að skoða að breyta dagsetningum á mótinu en það gæti reynst erfitt þar sem ekki er einfalt að breyta/fá hótalgistingu með svona stuttum fyrirvara.
- d. Lýðheilsuverkefni
 - i. Fyrirkomulag og framkvæmd enn í skoðun sem og að fá stærri aðila að verkefninu með sambandinu.

5. Hlaupaverkefnið og tæknimál (FÓ)

- a. Flest stærstu hlaupin eru þegar komin inn í kerfið, og þar á meðal Reykjavíkumaraþon.

6. Önnur mál

- a. BG - Safeguarding - European Athletics / forvarnarstefna varðandi ofbeldi. Lokaskil á drögum að stefnu eru 6. október. Nokkur vinna verður á næsta ári, bæði innan sambands og með félögunum varðandi nánari útfærslur, innleiðingu og fræðslu til þátttakenda í frjálsum á Íslandi, iðkenda, þjálfara, foreldra og starfsfólks.
- b. Verið er að skoða samvinnu við Barnaheill með fræðslu varðandi forvarnir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13.00

Ritun fundargerðar: Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari FRÍ.